

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 72. fundur.

að Hlíðavegi 6, 9. mars 2006, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Ferðamálafélagi Mývatnssveitar.
3. Erindi Landbúnaðarráðuneytis v/jarðarinnar Heiði.
4. Erindi Karlakórsins Hreims styrkbeiðni.
5. Erindi Landsvirkjunar ósk um tímabundna tengingu við vatnsveitu.
6. Erindi frá Sýslumanni vegna Jarðbaðanna ehf. þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjun leyfis til rekstrar veitingastofu.
7. Erindi frá Sýslumanni vegna Eldár ehf. þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til rekstrar gistiheimilis að Helluhrauni 7a,8,8a og 9.
8. Erindi frá Landgræðslu ríkisins styrkbeiðni v/bændur græða landið.

Til kynningar.

Fundargerð Eypings frá 16. jan.

Fundargerð Eypings frá 17. feb.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra frá 6. feb.

Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga frá 1. mars.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 8 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá Ferðamálafélagi Mývatnssveitar.**

Borist hefur bréf frá Eyrúnu Björnsdóttur f.h. Ferðamálafélags Mývatnssveitar þar sem óskað er eftir að Skútustaðahreppur beini þeim tilmælum til UST að aðild heimamanna við stjórn og rekstur upplýsingamiðstöðvar og gestastofu verði tryggð.

Samþykkt að verða við erindinu.

**3. Erindi Landbúnaðarráðuneytis v/jarðarinnar Heiði.**

Frestað til næsta fundar.

**4. Erindi Karlakórsins Hreims styrkbeiðni.**

Borist hefur erindi frá Karlakórnum Hreim, þar sem óskað er eftir stuðningi við útgáfu Söngskrár.

Samþykkt að verða við erindinu.

**5. Erindi Landsvirkjunar ósk um tímabundna tengingu við vatnsveitu.**

Borist hefur erindi frá Árna Gunnarssyni f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir tímabundnu leyfi, vegna tilraunaborana í Bjarnarflagi, til að tengjast vatnsveitu sveitarfélagsins nánar tiltekið inn á heimæð Baðfélagsins. Ástæða fyrir þessari ósk um tengingu er vegna öryggissjónarmiða þar sem líkur eru á að vatn úr (gamla) lóninu, sem verður notað fyrir borinn reynist full heitt þegar borfóðringar eru steypar í holunni.

Samþykkt að verða við erindinu með þeim fyrirvara að vatnstakan hafi ekki áhrif á rekstur Jarðbaðanna.

**6. Erindi frá Sýslumanni vegna Jarðbaðanna ehf. þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjun leyfis til rekstrar veitingastofu.**

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við endurnýjun leyfis til rekstrar veitingastofu í húsnæði Jarðbaðanna ehf. í Mývatnssveit.

**7. Erindi frá Sýslumanni vegna Eldár ehf. þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til rekstrar gistiheimilis að Helluhrauni 7a, 8, 8a og 9.**

Jón Illugason hefur f.h. Eldár ehf. óskað eftir að fá útgefið leyfi til rekstrar gistiheimilis að Helluhrauni 7a, 8 og 8a. Eldá ehf hefur sótt um leyfi til sveitarstjórnar um breytingu á notkun húsnæðisins. Skv. 43 gr. skipulags og byggingarlaga lét sveitarstjórn fara fram grenndarkynningu og rennur frestur til athugasemda ekki út fyrr en 17. mars n.k. Sveitarstjórn getur því ekki orðið við erindinu að sinni.

Varðandi leyfi til rekstrar gistiheimilis að Helluhrauni 9 þar sem sótt er um öðru sinni, er því til að svara að það mál er í kærufarli hjá Úrskurðarnefnd skipulags og byggingamála og enn er beðið úrskurðar. Sveitarstjórn getur því ekki orðið við erindinu.

**8. Erindi frá Landgræðslu ríkisins styrkbeiðni v/bændur græða landið.**

Borist hefur bréf frá Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er eftir styrk að upphæð kr. 284.000,- við verkefnið “Bændur græða landið.” Fram kemur í bréfinu að um samstarfsverkefni Landgræðslunnar og bænda sé að ræða. Átján þátttakendur eru úr Skútustaðahreppi.  
Samþykkt að verða við erindinu.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Kristján Stefánsson,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétusson.